

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, stækkun iðnaðarsvæðis, Eyrinni.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. nóvember 2013 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 17. september 2013.

Í breytingunni felst að blandað svæði fyrir íbúðarbyggð, verslun og þjónustu Íb1/V5 minnkar um 0,1 ha og iðnaðarsvæði II stækkar að sama skapi um 0,1 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. nóvember 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2013